



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Forsætisráðuneytið  
b.t. Páls Þórhallssonar og Egils Péturssonar  
Stjórnarráðshúsinu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2019

Tilv.: 1901004

**Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna Hildu ehf. og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf.**

Samkeppniseftirlitinu barst beiðni frá forsætisráðuneytinu um umsögn, skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, dags. 4. janúar sl., vegna Hildu ehf. (hér eftir Hilda) og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (hér eftir ESÍ). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 13. desember sl.

Líkt og fram kemur í bréfi forsætisráðuneytisins ákvað forsætisráðherra þann 27. nóvember 2015 að ESÍ og Hilda skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga nr. 140/2012, með vísan til þess að uppfyllt væru skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga um að starfsemi félagsins væri að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Í ákvörðuninni kom fram að undanþágan skyldi vera endurskoðuð eigi síðar en 15. desember 2018. Í framangreindu bréfi forsætisráðuneytisins kemur fram það mat ráðuneytisins að til álita komi að framlengja ekki undanþáguna sem félögin njóta í lengri tíma en út árið 2019 enda ætti slitum félaganna þá að vera lokið.

Í fyrrnefndri beiðni Seðlabankans kemur fram að frá því upphafleg undanþága var veitt hafi réttarstaða félaganna tekið nokkrum breytingum. Þannig hafi verið samþykkt á hlutfundi í október 2017 að slíta ESÍ og hafi félaginu í framhaldinu skipuð skilanefnd. Hafi innköllun í félagið lokið í desember sama ár. Þá hafi ESÍ tekið yfir starfsemi félagsins SPB ehf. (hér eftir SPB) mitt ár 2016 en í félaginu séu aðallega kröfur á lögaðila, auk landspildna. Árið 2017 hafi félögin Hilda og SPB einnig verið sett í slit. Hafi innköllun í Hildu og SPB lokið í júlí 2017. Í dag samanstandi eignir ESÍ af hárrí tekjufærslu til félagsins vegna endurmats innlendra skuldabréfa og krafna í kjölfarið á uppgjöri föllnu fjármálafyrirtækjanna við ESÍ á árinu 2016. Eignir Hildu samanstandi aftur á móti að mestu af fasteignatryggðum fyrirtækjalánum og fasteignum. Seðlabankinn telur að enn séu til staðar þau rök sem undanþága forsætisráðuneytisins, dags. 27. nóvember 2015, byggðist á og telur mikilvægt að hún gildi áfram þar til slitaferli félaganna lýkur. Að mati Seðlabankans gæti skapast ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði væri



félögunum skylt að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum, sem væri afar óheppilegt fyrir þau í samkeppni við keppinauta sína á markaði og þá einkum vegna þeirrar hagsmunagæslu sem felist í því að reyna að hámarka virði eigna.

Við mat á því hvort framangreind félög uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga vísast til meðfylgjandi umsagnar Samkeppniseftirlitsins til forsætisráðuneytisins, dags. 30. apríl 2015. Þar kom fram það mat eftirlitsins að tilgangur beggja félaga sé sá að hámarka innheimtu krafna og fullnustu eigna í eigu hins opinbera vegna bankahrunsins. Um sé að ræða tímabundna starfsemi í samkeppni við aðra aðila á markaði þar sem samkeppni sé um að selja fjárfestum eignir félagsins eða eftir atvikum skuldabréf eða aðra fjármálagerninga sem félögin hafi gefið út og tengist tilgangi og eignum félaganna. Starfsemi félaganna sé þannig einkaréttarlegs eðlis sem sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

Umræddum félögum hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu sem liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er þannig einkaréttarlegs eðlis og getur ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í eigu íslenska ríkisins í gegnum Seðlabankann.

Að öllu framangreindu virtu mælir Samkeppniseftirlitið með því að Hildu ehf. og ESÍ verði áfram veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið



Hulda Ösp Atladóttir

**Meðfylgjandi:**

Afrit af bréfi Samkeppniseftirlitsins til forsætisráðuneytisins, dags. 30. apríl 2015. Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna Hildu ehf. og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf.